

# Lög

## um breyting á lögum nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

---

### 1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Við endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda skv. 1. gr. skal greiða gjaldanda vexti, sem skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af því fé sem oftekið var frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal greiða dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim tíma er gjaldandi sannanlega lagði fram kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra skatta eða gjalda.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

---

*Samþykkt á Alþingi 11. desember 2002.*